

Kennitölur vegarkaflans sem lagður er samkvæmt vegflokk C2, eru þessar

Breidd vegar	6,5 m
Breidd akbrautar	6,0 m
Fyllingar	443 þús. m <sup>3</sup>
Burðarlag	81 þús. m <sup>3</sup>
Bergskering	93 þús. m <sup>3</sup>
Áætlaður heildarkostnaður	300 m.kr.

Patreksfjarðarmegin voru aðrir kostir um legu vegarins ekki taldir koma til greina en athugaðir voru tveir kostir Barðastrandarmegin, það er á slóðum gamla vegarins og leiðin um Mikladal sem valin var. Nýr vegur á slóðum gamla vegarins um Aurbrekkur, efra og neðra Sjónarhól og Hjallendalag hefði verið um 700 m lengri, með tveimur kröppum beygjum og mesta langhalla um 9% í stað 8%. Kostnaður var álitinn svipaður, sama gildi um snjólög, en leiðin um Mikladal er þó á styttri kafla í mikilli hæð. Hún liggur reyndar um áður óspjallað land og veldur því meiri umhverfis-áhrifum. Vegurinn um Kleifaheiði hefur hingað til reynst til-tölulega snjóléttur miðað við 400 m háan fjallveg á Vestfjörðum. Lítil reynsla er þó komin á nýja veginn hvað það varðar.

Starfsmenn umdæmisskrifstofu Vegagerðarinnar á Ísafirði hönnuðu veginn og sáu um eftirlit. Vegarkaflinn var boðinn út



Vegur úr Patreksfjarðarbotni upp á Kleifaheiði á vígsludegi.

í tvennu lagi, fyrst 5 km í apríl 2000 og síðan 7 km í mars 2001. Verktakafyrirtækið Norðurtak hf. frá Sauðárkróki var með lægsta tilboð í báðum tilvikum og lagði allan veginn. Efnisvinnsla og lögn klæðingar voru ekki með í útboðunum. Efnisvinnslan var hluti af efnisvinnsluútbóði á Vestfjörðum sem Myllan ehf. á Egilsstöðum sá um og klæðingarflokkur Vegagerðarinnar á



Göngubrú yfir Miklubraut við Kringluna



Göngubrú yfir Hafnarfjarðarveg við Hraunsholt



Þann 17. september stóð Reykjavíkurborg fyrir athöfn þegar ný göngubrú yfir Miklubraut við Kringluna var formlega tekin í notkun. Það voru þau Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri sem klipptu á borða. Þeim til aðstoðar voru Jón Rögnvaldsson aðstoðarvegamálastjóri (t.v.) og Stefán Hermannsson borgarverfræðingur (t.h.).



Þann 30. september stóð Garðabær fyrir athöfn þegar ný göngubrú yfir Hafnarfjarðarveg við Hraunsholt var formlega tekin í notkun. Það voru þau Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Ásdís Halla Bragadóttir bæjarstjóri í Garðabæ sem klipptu á borða.

Akureyri lagði klæðingarslitlagið ásamt annarri klæðingu á svæðinu.

Nokkrir erfiðleikar komu upp eins og eðlilegt er við vegagerð um bratta fjallveg. Þá tókst alla að leysa og segja má að verkið hafi gengið betur og betur eftir því sem á leið og lauk því á tilsettum tíma. Eftir er að leggja efra lag klæðingar á 7 km og sá grasfræi í sárin en það er samkvæmt áætlun.

Með lagningu þessa vegarkafla um Kleifaheiði næst sá áfangi að komið er samfellt bundið slitlag á aðalveginn um byggðina



Sturla Böðvarsson samgönguráðherra klippir á borða til merkis um að nýr vegur yfir Kleifaheiði sé formlega tekinn í notkun. Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri aðstoðar.

## Niðurstöður útboða

### Vetrarþjónusta í Norðurárdal og á Bröttubrekku 2002-2004

Tilboð opnuð 30. september 2002. Vesturlandsumdæmi. Vetrarþjónusta í Norðurárdal og á Bröttubrekku 2002-2004. Um er að ræða snjómokstur og hálkuvörn á eftirtöldum leiðum:

- Hringvegur (1) frá Borgarnesi að Sanddalsá, 48 km
- Hvítárvallavegur (510) frá Hringvegi að Hvítá, 6 km
- Vestfjarðavegur (60) frá Hringvegi að Breiðabólstað, 17 km
- Norðurárdalsvegur (528) frá Hringvegi á Hringveg, 16 km

Auk þess er um að ræða hálkuvörn á eftirfarandi leið:

- Hringvegur (1) frá Sanddalsá að Brú í Hrutafirði, 37 km

Magnbólur eru áætlaðar: snjómokstur og hálkuvörn 10.000 km, hálkuvörn 6.000 km  
Verki skal að fullu lokið 30. apríl 2004.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
5	Jóhann Guðlaugsson, Búðardal	6.575.000	147,6	3.356
4	Sigurbaldur Kristinsson, Gröf, Akranesi	5.502.090	123,5	2.283
---	Áætlaður verktakakostnaður	4.455.000	100,0	1.236
3	Berglín ehf., Stykkishólmi	3.778.000	84,8	559
2	Akraverk ehf., Seltjarnarnesi	3.502.000	78,6	283
1	Borgarverk ehf., Borgarnesi	3.218.900	72,3	0

í Vestur-Barðastrandarsýslu frá Vatnsfirði til Bíldudals, samtals um 100 km. Fyrsti kaflinn var lagður 1983 og unnið hefur verið að verkinu á hverju ári síðan. Þó að þessum áfanga sé náð er ýmislegt sem þarf að bæta, m.a. breikka einbreitt slitlag á nokkrum kafla og endurbyggja gamlar brýr. Fyrstu slitlagskaflarnir voru lagðir á gamla veginn lítt breytan og verður þörf á að endurbyggja suma þeirra síðar, þar sem þeir fullnægja ekki þeim kröfum sem nú eru gerðar.

Gísli Eiríksson

### Styrkingar og mölburður á Austurlandi 2002 - 2003

Tilboð opnuð 30. september 2002. Austurlandsumdæmi. Styrkingar og mölburður á Austurlandi á árunum 2002 og 2003. Um er að ræða styrkingu á alls 11 stöðum á Austurlandi.

Helstu magnbólur: fylling 3.600 m<sup>3</sup>, neðra burðarlag 24.200 m<sup>3</sup>, mölburður 34.300 m<sup>3</sup>, lengd 96 km, rofvörn 1.800 m<sup>3</sup>, frágangur fláa 9.000 m<sup>2</sup>, hörpun 26.200 m<sup>3</sup>, ræsi 210 m.

Verki skal að fullu lokið 1. október 2003.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
<b>Hluti 1</b>				
---	Áætlaður verktakakostnaður	11.143.010	100,0	3.459
6	Nóntindur ehf., Búðardal	10.446.000	93,7	2.762
5	Myllan ehf., Egilsstöðum	9.208.150	82,6	1.524
4	Vildarverk ehf., Árbakka	8.735.720	78,4	1.051
3	Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum	8.724.000	78,3	1.040
2	Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	8.260.740	74,1	576
1	Ingileifur Jónsson, Svínvatni	7.684.500	69,0	0
<b>Hluti 2</b>				
6	Nóntindur ehf., Búðardal	17.191.400	126,8	7.724
---	Áætlaður verktakakostnaður *)	13.553.161	100,0	4.085
5	Myllan ehf., Egilsstöðum	12.859.000	94,9	3.391
4	Ingileifur Jónsson, Svínvatni	12.459.000	91,9	2.991
3	Jón Hlíðdal ehf., Egilsstöðum	12.320.000	90,9	2.852
2	Dal-Björg ehf., Breiðdalsvík	10.930.000	80,6	1.462
1	Vildarverk ehf., Árbakka	9.467.760	69,9	0
*) Á opnunarfundum var röng tala lesin upp. Hér er rétt tala birt.				
<b>Hluti 3</b>				
6	Jarðverk Hornafirði ehf.	22.589.250	118,5	9.185
---	Áætlaður verktakakostnaður	19.058.032	100,0	5.654
5	Ingileifur Jónsson, Svínvatni	18.226.100	95,6	4.822
4	S.G. vélar ehf., Djúpavogi	17.725.380	93,0	4.322
3	Nóntindur ehf., Búðardal	17.646.330	92,6	4.243
2	Rósaberg ehf., Hornafirði	15.136.250	79,4	1.732
1	Ólafur Halldórsson Tjörn, Hornafirði	13.403.800	70,3	0